

SÝNIKENNSLA Í RITUN

(modelled writing)


Aldurshópur

Allir aldurshópar

Um sýnikennslu í ritun

Sýnikennsla í ritun er kennsluáferð sem oft er notuð með byrjendum en er jafnframt hagnýt leið þegar kenna á ákveðna þætti ritunar hjá nemendum lengra komnum. Hægt er að nota *sýnikennslu í ritun* við fjölbreytta efnisþætti, allt frá því að hljóða sig í gegnum orð og upp í flóknari þætti ritunar eins og heimildaskráningu.

Áferðin felur í sér að nemendur hlusta á og fylgjast með kennaranum sem „hugsar upphátt“ um það sem hann er að skrifa. Kennarinn hefur orð á ákvörðunum sem hann tekur, áður og um leið og hann skrifar og þannig gefur hann nemendum sínum „verkfæri“ (áferð) til að nota við eigin ritun.



Ritun er flókin vitsmunaleg framkvæmd. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur auka ritunargetu sína þegar kennari útskýrir á skýran og nákvæman hátt hugsanaferli sitt um leið og hann sýnir ferlið. Þannig læra nemendur form og framkvæmd ritunar um leið og þeir upplifa og taka þátt í ritun sem vanur ritari framkvæmir. Kennarinn setur sem sagt í orð þær ákvarðanir sem hugur hans þarf að taka um leið og hann skrifar.

Sýnikennsla í ritun er fyrsta skrefið í stigskiptum stuðningi þar sem kennari framkvæmir og nemandi fylgist með.

Framkvæmd

- Sýnikennsla varir oftast í 10–15 mínútur en lengdin fer eftir aldri nemenda og efnisþættinum sem verið er að kenna. Sýnikennsla ætti að hámarki að vera 15 mínútur og þumalputtareglan er sú að því yngri sem nemendur eru því styttri ætti sýnikennslan að vera. Áhrifaríkast er að nota sýnikennslu fyrir lítinn nemendahóp og aðlaga þannig kennsluna að þörfum hans. Þetta er t.d. hægt að framkvæma á þann hátt að á meðan aðrir nemendur vinna sjálfstætt við ritun eða á ritunarstöðvum getur kennari kallað til sín nemendur sem þurfa á sýnikennslu að halda.
- Kennari velur afmarkað viðfangsefni út frá markmiðum og/eða út frá því mati sem hann hefur framkvæmt á nemendum sínum. Slíkt mat veitir góðar upplýsingar varðandi viðfangsefnið sem kennarinn verður að taka fyrir. Kennari þarf jafnframt að vera búinn að ákveða hvaða stutta texta hann ætlar að nota við sýnikennsluna og hvernig hann ætlar að orða hugsanir sínar. Eins er mikilvægt að kennari sé búinn að undirbúa hvar hann ætli að skrifa textann svo hann sé sýnilegur nemendum en það má t.d. gera í tölvu og með skjávarpa, nota bókvarpa eða flettistöflu.
- Segðu nemendum í upphafi kennslustundarinnar hvernig texta þú ætlir að rita, hvað þurfi að koma fram í textanum og að þú komir til með að hugsa upphátt svo að þeir geti lært af því hvernig þú hugsar og gerir. Þú segir nemendum þínum jafnframt að þeir muni síðan fá tíma eftir sýnikennsluna til að rita samskonar ritunarverkefni sjálfir. Kennarinn stýrir kennslunni allan tímann og leitar ekki eftir hugmyndum eða athugasemdum nemenda á meðan á sýnikennslunni stendur.
- Mundu að færa í orð ákvarðanir þínar varðandi ritunina um leið og þú skrifar. Það getur verið gagnlegt að horfa á YouTube myndbönd um „modelled writing“ fyrir aldurshópinn sem þú kennir, til að sjá hvernig sýnikennsla er framkvæmd.
- Þegar þú hefur lokið við ritunina er gott að spyrja nemendur hverju þeir tóku eftir eða hvað þeir lærðu. Þarna er jafnframt tækifæri til að rifja upp með nemendum helstu atriðin eða þau markmið sem þú hafðir í huga með sýnikennslunni.
- Þegar nemendur fá síðan tækifæri til að prófa sig áfram sjálfir er mikilvægt að ganga á milli þeirra og ræða við þá um eigin skrif en þá gefst þér einnig tækifæri til að heyra hvort þeir séu að nota það sem þú kenndir þeim og/eða að minna þá á aðferðir sem þeir gætu notað við skrifin.